

Mánudaginn 16. október 1995.

Nr. 339/1995.

Heiðar R. Ástvaldsson
Krabbameinsfélag Íslands og
Rauði kross Íslands

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Viðari Daniélsyni

(Kristinn Hallgrímsson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Greiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 28. september 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 9. október sl. Kæruheimild er í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Sóknaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, kröfum varnaraðila með eða án heimvísunar hafnað og að synjað verði um framgang nauðungarsölu á fasteigninni Rauðar-árstíg 33 í Reykjavík, íbúð á 2. hæð, merktri 02-02. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða varnaraðilum kærumálskostnað.

Hinn 12. febrúar 1991 framseldi varnaraðili Landsbanka Íslands með sjálfskuldarábyrgð veðskuldabréf, út gefið af Viðari hf. 28. nóvember 1990, en varnaraðili var jafnframt forsvarsmáður þess félags. Á frumriti skuldabréfsins er yfirstrikuð áritun bankans frá 18. október 1994 um kvittun bréfsins og afhendingu til aflýsingar. Þá er bréfið einnig áritað sama dag um framsal til varnaraðila. Á hinn bóginn hafa sóknaraðilar lagt fram ljósrit af umræddu skuldabréfi, þar sem greiðsluáritun er hvorki yfirstrikuð né bréfið áritað um framsal til varnaraðila.

Eftirstöðvar skuldabréfsins voru greiddar Landsbanka Íslands 18. október 1994 með 720.929,50 krónum, en málsaðilar deila um, hvort varnaraðili hafi innt af hendi greiðslu eða aðalskuldari bréfsins,

Viðar hf. Sama dag voru greiðsluseðlar vegna þriggja síðustu afborgana áritaðir um greiðslu, en þeir eru gefnir út til aðalskuldara bréfsins. Hinn 24. janúar 1995 staðfesti Landsbanki Íslands með áritun á umrædda greiðsluseðla, að greiðandi væri varnaraðili. Samkvæmt ódagsettri yfirlýsingu forstöðumanns afgreiðslu verðbréfa-deildar Landsbanka Íslands framseldi bankinn varnaraðila bréfið, og voru fyrri áritanir leiðréttar í samræmi við það. Í ljósi þess, að fasteign þeirri, sem stóð til tryggingar greiðslu skuldabréfsins, var hvað eftir annað afsalað með þeim áskilnaði, að kaupandi tæki að sér greiðslu bréfsins, þykir ósennilegt, að aðalskuldari bréfsins hafi greitt það. Þar sem sóknaraðilar hafa ekki sýnt fram á hið gagnstæða gegn yfirlýsingum Landsbanka Íslands, sem var framsalshafi veðskuldabréfsins og hafði það til innheimtu, verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

Sóknaraðilar greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dóms-orði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Heiðar R. Ástvaldsson, Krabbameinsfélag Íslands og Rauði kross Íslands, greiði varnaraðila, Viðari Daníelssyni, sameiginlega 70.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. september 1995.

I.

Mál þetta var þingfest hér fyrir dómi 28. júní sl. og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 7. september sl.

Sóknaraðili er Viðar Danielsson, kt. 030442-4829, Fýlshólum 8, Reykjavík.

Varnaraðilar eru Heiðar Ástvaldsson, kt. 011036-2229, Rauðagerði 6, Reykjavík, Krabbameinsfélag Íslands, kt. 700169-2789, Skógarhlíð 8, Reykjavík, og Rauði kross Íslands, kt. 530269-2649, Rauðarárstíg 18, Reykjavík.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að felld verði úr gildi sú ákvörðun fulltrúa sýslumannsins í Reykjavík að stöðva framgang uppbóds á Rauðarárstíg 33, íbúð á 2. hæð, merktri 0202, Reykjavík, frá 18. maí 1995 og lagt fyrir sýslumanninn í Reykjavík að halda áfram nauðungarsölu á hinni tilgreindu eign á grundvelli veðskuldabréfs sóknaraðila. Jafnframt er þess

krafast, að varnaraðilar verði dæmdir til að greiða sóknaraðila málskostnað að mati réttarins að viðbættum virðisaukaskatti á málflytningaþóknun.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að synjað verði um framgang umræddrar nauðungarsölu á umræddri íbúð að Rauðarárstíg 33 hér í borg og sóknaraðila gert að greiða varnaraðilum málskostnað að skaðlausu að mati réttarins auk virðisaukaskatts á málskostnaðarfjárhæð.

II.

Hinn 28. nóvember 1990 var af hálfu Viðars hf., byggingafélags, gefið út veðskuldabréf til sóknaraðila, að fjárhæð 1.000.000 kr., er greiða skyldi upp með sex afborgunum á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. október 1991. Veðskuldabréfið var tryggt með 1. veðrétti í fasteigninni Rauðarárstíg 33, íbúð á 2. hæð, merktri 0202, Reykjavík. Hinn 12. febrúar 1991 framseldi sóknaraðili veðskuldabréfið Landsbanka Íslands og tókst jafnframt á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess.

Með afsali, dagsettu 1. desember 1992, var íbúð þeirri, er stóð til tryggingar veðskuldabréfinu, afsalað af Viðari hf. Húsprýði hf., en sama dag afsalaði Húsprýði hf. íbúðinni Páli Jenssyni. Hinn 17. janúar 1993 afsalaði Páll Jensson íbúðinni varnaraðilanum Heiðari R. Ástvaldssyni. Í öllum afsölunum er ákvæði þess efnis, að kaupandi taki á sig skuld samkvæmt nefndu veðskuldabréfi sóknaraðila. Með afsali 30. nóvember 1994 afsalaði Heiðar R. Ástvaldsson íbúðinni varnaraðilunum Krabbameinsfélagi Íslands og Rauða krossi Íslands. Í afsalinu kemur fram, að veðskuldabréfið sé upp greitt og að afsalsgjafi ætlaði að sjá til þess, að því yrði aflýst hið allra fyrsta á ábyrgð afsalsgjafa, og í því sambandi afhenti afsalsgjafi afsalshafa bankaábyrgð Íslandsbanka hf. til tryggingar aflýsingunni.

Af veðskuldabréfinu verður ráðið, að tvær fyrstu afborganir hafa verið greiddar á réttum gjalddaga, og þá er ágreiningslaust með aðilum, að þriðja afborgun hafi verið greidd. Vegna vanskila leysti sóknaraðili bréfið til sín 18. október 1994 að kröfu Landsbanka Íslands á grundvelli sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingar sóknaraðila með greiðslu 720.929,50 kr. og fékk bréfið jafnframt framselt til sín á grundvelli innlausnarinnar. Var varnaraðilinn Heiðar R. Ástvaldsson krafinn um innlausnarfjárhæðina, og þegar það bar ekki árangur, var óskað nauðungarsölu á hinni veðsettu eign. Hinn 18. maí 1995 stöðvaði fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík framgang uppboðsins á grundvelli mótmæla frá Heiðari, en þá hafði afsali hans á íbúðinni til Krabbameinsfélags Íslands og Rauða kross Íslands verið þinglýst.

III.

Sóknaraðili reisir kröfugerð sína á því, að hann sé réttur handhafi og eigandi veðskuldabréfsins, og verði innheimta þess ekki stöðvuð, nema ákvæði

XVII. kafla laga nr. 91/1991 geti átt við. Skjöl málsins beri það með sér, að Landsbanki Íslands hafi gert mistök við áritun veðskuldabréfsins og útgáfu kvittana vegna innlausnar sóknaraðila á veðskuldabréfinu frá bankanum, en þau mistök hafi verið leiðrétt, og mistök bankans verði ekki til þess, að varnaraðili eignist sjálfstætt betri rétt en hann átti áður; en samkvæmt afsali, þegar hann keypti þá eign, sem veðskuldabréfið er tryggt með veði í, hafi hann lofað afsalsgjafa að taka við og greiða framangreint veðskuldabréf. Styður sóknaraðili rétt sinn til veðskuldabréfsins við framsal Landsbanka Íslands til hans, og leggi sóknaraðili fram leiðréttar kvittanir bankans, er sýni, hverja fjárhæð hann greiddi á grundvelli sjálfskuldarábyrgðar sinnar. Telji sóknaraðili því, að Heiðar R. Ástvaldsson eigi engan rétt á að fá framangreindu veðskuldabréfi aflýst án greiðslu þess, og vísi sóknaraðili í því sambandi til kröfuféttarins. Telji sóknaraðili því, að fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík hafi tekið ranga ákvörðun, er hann ákvað að stöðva framgang nauðungarsölu á nefndri íbúð 18. maí sl. Hafi efnislegar forsendur ekki verið færðar fram fyrir þeirri ákvörðun, og beri því að fella hana úr gildi og leggja fyrir sýslumanninn í Reykjavík að halda nauðungarsölu áfram, meðan veðskuldabréf sóknaraðila sé enn ógreitt.

Af hálfu varnaraðila er til þess vísað, að við fyrirtöku nauðungarsölu 18. maí 1995 hafi verið lýst yfir því af hálfu sóknaraðila, að ákvörðun sýslumanns um að stöðva nauðungarsölu yrði skotið til héraðsdóms og þess krafist, að ákvörðun sýslumanns yrði felld úr gildi. Beiðnin til héraðsdóms sé ekki dagsett fyrir en 7. júní 1995 og afhent dóminum 8. sama mánaðar, þ. e. 21 degi eftir ákvörðun sýslumanns. Sé því ekki mögulegt að taka beiðni sóknaraðila til greina þegar af þeirri ástæðu samkvæmt 3. mgr. 22. gr., sbr. 5. mgr. 73. gr. laga nr. 90/1991. Skipti hér ekki máli, að lögmaður sóknaraðila hafi ekki sótt gögn uppboðsmálsins fyrir en 6. júní 1995.

Þá er af hálfu varnaraðila skírskotað til þess, að Viðar hf. hafi fengið fyrrnefnt veðskuldabréf kvittað og afhent til aflýsingar af Landsbanka Íslands 18. október 1994, og þar sem bréfið hafi borið það með sér að vera að fullu greitt af skuldara þess, hafi borið að aflýsa því, og hafi seinni framsöl á bréfinu ekki gildi eða endurveki kröfur eða veðtryggingar samkvæmt því. Af hálfu sóknaraðila hafi síðar verið lögð fram hjá sýslumanninum í Reykjavík skjöl, þar sem einhver aðili vegna Landsbanka Íslands breytir nafni greiðanda í nafn sóknaraðila í stað hins rétta greiðanda, Viðars hf. Sé þetta dagsett 24. janúar 1995, rúmum ársfjórðungi frá því að Viðar hf. fékk sínar greiðslukvittanir og veðskuldabréfið að fullu greiðslukvittað og afhent til aflýsingar af viðkomandi gjaldkera Landsbanka Íslands. Sé þessum gögnum mótmælt sem þýðingarlausum og röngum, enda ekkert í þeim stutt

rökum og aðili sá, er gaf umrædda yfirlýsingu, ekki haft neina vitneskju um, á hvern hátt greiðslur fóru fram 18. október 1994. Reynt sé að strika yfir greiðslustimpil Landsbanka Íslands og eins fært inn á bakhlið bréfsins framsal til sóknaraðila, dagsett 18. október 1994. Umrætt framsal og yfirstríkun á greiðslustimpli hafi ekki verið á veðskuldabréfinu um miðjan nóvember 1994 né þegar greinargerð sóknaraðila er dagsett 29. nóvember s. á. Sé því um fölsun að ræða á umræddu skjali og umræddum áritunum mót-mælt sem röngum og þýðingarlausum, auk þess sem framsali á greiddri og uppperðri kröfu af skuldara sé mótmælt sem þýðingarlausri. Ljóst sé af skjölum málsins, að Viðar hf. hafi greitt umrædda skuld og fengið veðskuldabréfið afhent fullkvittað og til aflýsingar, og einnig sé ljóst, að sóknaraðili eigi engar kröfur á hendur varnaraðilum samkvæmt fyrrgreindu veðskuldabréfi.

IV.

Af hálfu umboðsmanns sóknaraðila var lýst yfir því þegar við fyrirtöku uppboðsmáls þess, sem hér um ræðir, 18. maí sl., að ákvörðun sýslumanns um að stöðva framgang uppboðsins yrði skotið til héraðsdóms og þess krafist, að ákvörðunin yrði felld úr gildi og uppboðið næði fram að ganga. Þá kemur fram í bréfi lögmanns sóknaraðila til dómsins 7. júní sl., þar sem sömu kröfur eru áréttadar, að lögmaðurinn hafi ekki fengið endurrit af nefndu þinghaldi og ljósrit af skjölum málsins afhent hjá sýslumanninum í Reykjavík fyrr en 6. sama mánaðar. Hefur þeirri staðhæfingu sóknaraðila ekki verið hrundið. Samkvæmt því og að öðru leyti með vísan til þess, sem að ofan greinir, eru eigi efni til að vísa beiðni sóknaraðila frá dómi á grundvelli 3. mgr. 22. gr., sbr. 5. mgr. 73. gr. laga nr. 90/1991 svo sem krafist er af hálfu varnaraðila.

Við kaup á nefndri íbúð á Rauðarárstíg 33 17. janúar 1993 tók varnaraðilinn Heiðar Ástvaldsson á sig skuld samkvæmt veðskuldabréfi því, sem mál þetta tekur til. Hefur því eigi verið haldið fram af hans hálfu, að hann hafi greitt skuld þessa, heldur vísar hann til þess, að Viðar hf. hafi gert það, þ. e. upprunalegur skuldari bréfsins. Af gögnum málsins er þó ljóst, að tveir eigendur áttu íbúðina, áður en nefndur varnaraðili eignaðist hana, og að í öllum afsölum fyrir íbúðinni er ákvæði þess efnis, að kaupandi taki á sig skuld samkvæmt veðskuldabréfinu.

Í málinu liggur fyrir ódagsett yfirlýsing forstöðumanns afgreiðslu verðbréfadeildar Landsbanka Íslands. Í henni kemur fram, að greiðsla fyrir umrætt veðskuldabréf, að fjárhæð 720.929,50 kr., hafi borist bankanum til greiðslu á skuldbindingum ábyrgðarmanns, en bréfið hafi verið framselt bankanum af sóknaraðila máls þessa 12. febrúar 1991 með sjálfskuldar-

ábyrgð framseljanda. Hafi framangreind greiðsla verið fyrir sóknaraðila og bankinn framselt honum veðskuldabréfið með öllum þeim réttindum, sem því fylgja.

Þá segir orðrétt í yfirlýsinguinni: „Á meðan veðskuldabréfið var enn í vörslum og eigu bankans, var stimplað á framhlið þess, að það kvittaðist og væri afhent til aflýsingar. Þessi áritun er ekki í samræmi við greiðslu ábyrgðaraðila, og var hún því leiðrétt, áður en bréfið var afhent ábyrgðarmanni.“

Samkvæmt yfirlýsingu þessari, sem leggja ber til grundvallar við úrlausn máls þessa, urðu þau mistök af hálfu Landsbanka Íslands, er umrætt veðskuldabréf var innleyst 18. október 1994, að veðskuldabréfið var áritað um fullnaðargreiðslu í stað þess að árita það um innlausn sjálfskuldarábyrgðarmanns og framsal til hans. Þessi mistök voru þó leiðrétt, áður en bankinn lét bréfið af hendi. Verður því eigi fallist á það með varnaraðilum, að bréfið hafi verið falsað efnislega.

Af framangreindu leiðir, að sóknaraðili er lögmætur handhafi umrædds veðskuldabréfs. Veðskuldabréf þetta er í vanskilum, og er sóknaraðila því heimilt að krefjast nauðungarsölu á íbúð þeirri á Rauðarárstíg 33 hér í borg, sem það er tryggt með veði í samkvæmt ákvæðum bréfsins. Verða kröfur sóknaraðila því teknar til greina og úr gildi felld sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 18. maí 1995 að stöðva framgang uppboðs á framan- greindri eign. Jafnframt er lagt fyrir sýslumanninn í Reykjavík að halda áfram nauðungarsölu á eigninni.

Dæma ber varnaraðila til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn 60.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Helgi I. Jónsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Felld er úr gildi ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 18. maí 1995 að stöðva framgang uppboðs á íbúð á 2. hæð, merktri 0202, að Rauðarárstíg 33, Reykjavík, og er lagt fyrir sýslumann að halda áfram nauðungarsölu á eigninni.

Varnaraðilar greiði sóknaraðila 60.000 kr. í málskostnað.